

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Egilsstaðabæ árið 1996.

1. gr.

Bæjarstjórn Egilsstaðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) *Íbúðir.*

Sorphirðugjald er kr. 5.500 á hverja íbúð.

b) *Fyrirtæki.*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum.

Flokkur	a)	kr.	5.500
"	b)	kr.	16.500
"	c)	kr.	33.000
"	d)	kr.	66.000
"	e)	kr.	132.000
"	f)	kr.	220.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 18. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samnings, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92.